

**Fundargerð 41. fundar skráningarráðs Gegnis miðvikudaginn 15. október 2008**  
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, kl. 9 - 11:30

**Fundarmenn:** Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir, Ragna Steinarsdóttir (fundarritari) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir, gæðastjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna og Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna. Einnig kom Dögg Hringsdóttir inn á fundinn.

Næsti fundur verður haldinn 12. nóvember kl. 9:00 í Borgartúni 37.

**1. Fundargerð 40. fundar**

Fundargerð var samþykkt með fyrirvara um breytingar. Blindrabókasafn kom til umræðu. Sennilega kemur til kasta skráningarráðs að meta gögn safnsins, leggja til verkferla við innleiðingu og veita ráðgjöf. Einnig kom fram að haft hefur verið samband við meðlimi tónlistarhóps. Þeir hafa allir samþykkt að sitja í hópnum og fyrsti fundur verður haldinn í næstu viku.

**2. Fræðslufundur skrásetjara**

Rúmlega 60 manns sóttu fundinn sem haldinn var 9. október í fyrirlestrarsal Þjóðarbókhöllu og þakkaði formaður fyrir góðan fund.

**3. Fréttir frá notendaráðstefnu IGeLU í Madrid í september**

Sigrún og Sveinbjörg sögðu frá ráðstefnunni sem þær sóttu ásamt Þóru Gylfadóttur, Háskólanum í Reykjavík. Aðalefni ráðstefnunnar var nýtt bókasafnskerfi sem er í smíðum hjá ExLibris. Trúlega verður lítil áhersla lögð á leitarviðmótið (OPAC) því reiknað er með að söfn geti haft mismunandi leitarviðmót. Nýtt bókasafnskerfi þarf því að geta tengst öðrum kerfum og leitarvélum, t.d. Primo. Aleph verður þróað áfram enn um sinn. Áætlað er að 20. útgáfa líti dagsins ljós árið 2010 en 22. útgáfa árið 2013.

**4. Erindi frá Guðrúnu Kjartansdóttur, Bókasafni Landspítala**

Bókasafn Landspítala óskar eftir því að 823 færslum fyrir rafrænt efni verði steipt inn í Gegni. Um er að ræði bæði rafrænar bækur og tímarit. Búið er að setja þessar færslur í prófunarumhverfið og í ljós hefur komið að 14 bókanna og 139 tímaritanna eru til fyrir í Gegni í prentaðri gerð. Samþykkt skráningarráðs um skráningu rafrænna gagna kveður á um samskráningu rafræns og prentaðs efnis (sjá [http://www.landskerfi.is/skjol/skranrad/leidb/2006\\_03-09\\_rafraenn\\_adgangur-856\\_svidid.pdf](http://www.landskerfi.is/skjol/skranrad/leidb/2006_03-09_rafraenn_adgangur-856_svidid.pdf)). Það er því ekki hægt að steypa þessum færslum beint inn í Gegni heldur þarf að gera sérstaka yfirfærslu, þannig að færslurnar renni saman. Ekki er þó talið forsvaranlegt að leggja í yfirfærslu fyrir einungis 823 færslur því slík yfirfærsla er mjög tímafrek. Ekki er heldur hægt að taka efnið beint inn því það er í andstöðu við samþykkt skráningarráðs. Fram til þessa hefur ekki tíðkast að gögn séu sett inn í Gegni án skoðunar og yfirferðar skrásetjara, sbr. sóttar OCLC færslur og færslur úr hliðargrunni. Skráningarráð mælir með því að reynt verði að gera rafrænt efni sýnilegra í Gegni þegar um samskráningu er að ræða. Sveinbjörg mun hafa samband við Guðrúnu og Sólveigu Þorsteinsdóttur og koma á fundi með Rögnu, Dögg og Sigrúnu.

**5. Tungumálanámskeið**

Nokkurt misræmi er á skráningu tungumálanámskeiða í Gegni, t.d. í upptekt titla og greiningu ISBN númera. Framsetning upplýsinga af hálfu útgefenda er oft mjög ruglingsleg

og gerir skrásetjurum erfitt fyrir að meta hvernig á að greina þær. Hildur áréttar á Vöndu upplýsingar úr samþykkt skráningarráðs um skráningu tungumálanámskeiða.

## **6. Svið 505 og 511**

Hægt er að virkja vísa í þessum sviðum þannig að mismunandi fyrirsagnir birtist á [gegnir.is](http://gegnir.is). Vísanotkun hefur fram til þessa mótast nokkuð af því að fyrirsagnir við þessi svið eru fastar, þ.e. „Innihald“ við svið 505 hvort sem fyrri vísir er 0 eða 8 og „Leikarar/Flytj.“ við svið 511 hvort sem fyrri vísir er 0 eða 1. Nauðsynlegt er að Landskerfi geri talningu á vísanotkun í þessum sviðum. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir er hægt að taka afstöðu til þess hvort rétt sé að virkja mismunandi birtingu fyrirsagna skv. vísunum á [gegnir.is](http://gegnir.is).

## **7. Efnisorð í sviði 696**

Svo virðist sem ekki fari fram mikil vinna við lagfæringu efnisorða í sviði 696. Skráningarráð vill að þessu sviði verði eytt út úr færslum en áður verði hlutaðeigandi söfnum gefinn ákveðinn frestur til að vinna úr þessum orðum. Sigrún boðar fund með Nat-hópnum, Rögnu og Þóru.

## **8. Önnur mál**

Hægagangur er vaxandi vandamál þegar unnið er með eintök tímaritafærslna sem mörg eintök eru tengd við. *Andrés önd*, *Séð og heyrt* og *Vikan* eru dæmi um slíkar færslur. Samþykkt var að Þóra geri nýja færslu fyrir *Andrés önd 2008* og sendi bréf á Vöndu og póstlista Gegnis að því loknu. Í bréfinu þarf einnig að minna söfn á að eyða út eintökum sem ekki hafa farið í útlán lengi og eru að öllum líkindum týnd. Landskerfi áformar að gera álagspróf á næstu dögum með aðstoð starfsfólks Borgarbókasafns.

Samráðsfundur skráningarráðs, Landskerfis bókasafna og Aleflis er boðaður miðvikudaginn 5. nóvember í Þjóðarbókhöðu kl. 10-12.

Fundi slitið kl. 11:30